

Kerfiskennitölur

Með lögum nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga, var m.a. gerð sú breyting að launagreiðendur geta ekki lengur sótt um kennitölur beint til Þjóðskrár Íslands fyrir þá erlendu ríkisborgara sem hjá þeim starfa. Samhliða skráningu í utangarðsskrá eru nú gefnar út kerfiskennitölur sem eru einkvæmt auðkenni fyrir einstaklinga sem gefnar eru út fyrir milligöngu opinberra aðila vegna einstaklinga sem ekki þurfa að uppfylla, eða uppfylla ekki, skilyrði til skráningar í þjóðskrá.

Skatturinn mun eingöngu sækja um kerfiskennitölur fyrir þá EES/EFTA ríkisborgara sem eru í launuðu starfi hér á landi allt að þrjá mánuði. Þeir EES/EFTA ríkisborgarar sem ætla að dvelja hér á landi lengur en þrjá mánuði eiga að snúa sér beint til Þjóðskrár Íslands en aðrir snúa sér til Útlendingastofnunar.

Einstaklingur af EES/EFTA svæðinu sem óskar eftir kerfiskennitölu vegna launaðs starfs hér á landi í styttri tíma en þrjá mánuði þarf að koma með útfyllta umsókn þar um í einhverja afgreiðslu Skattsins og hafa vegabréf eða ferðaskilríki meðferðis. Umsóknin þarf að vera undirrituð af bæði umsækjanda og launagreiðanda.

Umsóknareyðublað er að finna á vefsíðu Skattsins (rsk.is) undir **Eyðublöð 2020** og er það númer **RSK 3.30**.

Sérstök athygli er vakin á því að launagreiðandi þarf að staðfesta með undirritun á umsóknareyðublað að umsækjandi sé í launuðu starfi.

Afgreiðslustaðir Skattsins eru á eftirfarandi stöðum:

- Laugavegi 166, Reykjavík
- Tryggvagötu 19, Reykjavík
- Kirkjubraut 28, Akranesi
- Hafnarstræti 1-3, Ísafirði
- Hafnarstræti 95, Akureyri
- Túngötu 3, Siglufirði
- Skjólvangi 2, Egilsstöðum
- Vegskálum 1, Hellu
- Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum

Opnunartími allra afgreiðslustaða er frá kl. 9.00-15.30 á virkum dögum, nema á föstudögum þá er lokað kl. 14.00.